



ÁFORM UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	10. júní 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Samkvæmt 7. gr. laga um málefni innflytjenda nr. 116/2012 skal ráðherra leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn annarra ráðuneyta, stofnana, Vinnumálastofnunar og innflytjendaráðs. Í tillögunni skal kveða á um verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að samfélagi þar sem allir einstaklingar geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Framkvæmd, ábyrgð og áætlaður kostnaður verkefna skulu tilgreind í áætluninni ásamt því hvernig mati á árangri aðgerða skuli háttað.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Gildandi framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda gildir út árið 2025 og er úrlausnarefnið að vinna að nýrri áætlun fyrir árin 2026-2029.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi framkvæmdaáætlun rennur úr gildi í árslok 2025.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 segir að sérstaklega verði hugað að íslenskri tungu, menningu og náttúru til að varðveita og styrkja sjálfsmynd þjóðar. Mannréttindi og virðing fyrir fjölbreytileika verði leiðarstef og leitast verði við að skapa breiða sátt um þau málefni sem skipta þjóðina mestu. Það ætli ríkisstjórnin m.a. að gera með því að innflytjendur fái tækifæri til að læra íslensku og taka virkan þátt í samfélaginu. Að auki kemur þar fram að vinna eigi að aukinni verðmætasköpun í atvinnulífi og grípa til aðgerða til að uppræta fátækt en bæði málefni tengjast mjög málefnum innflytjenda hér á landi.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmið með tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026-2029 er setja fram verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að samfélagi þar sem allir einstaklingar geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna til samræmis við áherslur ríkisstjórnar, sbr. B1.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Yrði ekkert aðhafst myndi engin framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda taka við af gildandi áætlun þegar hún fellur úr gildi í lok árs 2025.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið. Á ekki við. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. Á ekki við
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Áætlað er að lögð verði fram á Alþingi tillaga að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026-2029 eins og lög um málefni innflytjenda gera ráð fyrir. Við vinnslu áætlunarinnar er meðal annars gert ráð fyrir að haft verið samráð við innflytjendaráð og að stuðst verði við ráðleggingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem vann heildarúttekt á stöðu málefna innflytjenda fyrir stjórnvöld árið 2024. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Á ekki við, en gildandi framkvæmdaáætlun fellur úr gildi í lok árs 2025..
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Framkvæmdaáætlunin snertir einna helst innflytjendur á Íslandi. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda kann að skarast við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta, en í slíkri áætlun skal kveða á um framkvæmd verkefna/aðgerða sem kunna eftir atvikum að vera á ábyrgð annarra ráðuneyta, s.s. heilbrigðisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis eða mennta- og barnamálaráðuneytis. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Ráðuneytið hélt á árinu 2024 opna fundi um land allt með almenningi um stöðu málefna innflytjenda og brýnustu úrlausnarefni. Niðurstaða þess samráðs liggur fyrir auk þess sem unnin hafa verið drög að framkvæmdaáætlun í samráði við innflytjendaráð sem byggja má á. 4. Fyrirhugað samráð. Gert er ráð fyrir að áform þessi verði kynnt í samráðsgátt stjórnvalda auk þess sem drög að tillögu til þingsályktunar verði birt í samráðsgáttinni. Jafnframt er gert ráð fyrir að drögin verði kynnt og einstaka aðgerðir lagðar til samþykktar í viðeigandi ráðuneytum og stofnunum eftir því sem við á, áður en til opinberrar kynningar kemur.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Endanlegar tillögur liggja ekki fyrir og umfang aðgerða því ekki ljóst. Áætluð kostnaðarhlutdeild félags- og húsnæðismálaráðuneytis nemur um 50.m.kr auk kostnaðar vegna hagskýrslugerðar um málefni innflytjenda.

H. Næstu skref, innleiðing	
1.	Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei
2.	Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Framkvæmdaáætlun er sett fram í tímasettum og kostnaðarmetnum aðgerðum þar sem ábyrgðaraðili er tilgreindur. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á innleiðingu sinna aðgerða og félags- og húsnaðismálaráðuneytið heldur utan um framgang aðgerða yfir áætlunina í heild.
3.	Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við.
4.	Mælikvarðar á árangur og útkomu. Í framkvæmdaáætlun er kveðið á um markmið og aðgerðir sem þykja til þess fallnar að þeim markmiðum verði náð..
5.	Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Já, núverandi staða þekkt og því hægt að mæla breytingar.
I. Annað	
J. Fylgiskjöl	
1.	Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2.	Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.